

---

# Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

Ársreikningur 1999

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga  
Vegmúla 2  
108 Reykjavík

kt. 491098-2529

---

# Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

Ársreikningur 1999

Efnisyfirlit.

Skýrsla um starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga árið 1999 .....	2
Áritun endurskoðenda.....	3
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7-9
Kennitölur .....	10

# Skýrsla um starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga árið 1999

---

## *Fjöldi sjóðfélaga og fjárhæð móttækinnna iðgjalda*

Árið 1999 var fyrsta heila ár í rekstri sjóðsins. Á skrá hjá sjóðnum í árslok voru 9.325 einstaklingar sem eiga réttindi í samtryggingardeildum sjóðsins, 4.923 einstaklingar í A-deild, 3.663 í V-deild og 739, sem eiga réttindi í báðum deildum. Alls greiddu 9.340 einstaklingar á árinu 1999 iðgjöld og námu samtals kr. 498,7 milljónum.

## *Lánveitningar og verðbréfavíðskipti*

Á liðnu ári ráðstafaði sjóðurinn til lánveitinga og verðbréfakaupa 389 milljónum króna. Til sjóðfélaga voru veitt 26 lán samtals að fjárhæð 41 milljón króna. Keypt voru húsbref fyrir 27 milljónir, hlutdeildarskírteini hlutabréfasjóða fyrir 65 milljónir og hlutdeildarskírteini skuldabréfasjóða fyrir 256 milljónir. Raunávöxtun sjóðsins á árinu var 1%.

## *Lífeyrisgreiðslur, ráðastöfunarfé og hrein eign til greiðslu lífeyris*

Á árinu 1999 námu lífeyrisgreiðslur einungis 49 þús. króna. Ráðstöfunarfé á árinu nam 423,3 milljónum króna. Hrein eign til greiðslu lífeyris í sameignardeild nam 569 milljónum. Inneignir í séreignardeild nam 7 milljónum í árslok.

## *Rekstur*

Á árinu 1999 nam rekstrarkostnaður sjóðsins 19,1 milljón króna sem er um 3,8% sem hlutfall af iðgjöldum. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum í árslok er um 3,3%. Á árinu var undirritaður samningur milli Reykjavíkurborgar og lífeyrissjóðsins um að annast rekstur á Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar. Flutt var í nýtt húsnæði að Vegmúla 2.

## *Tryggingafræðileg úttekt*

Samkvæmt úttekt trygginafræðings sjóðsins á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga miðað við árslok 1999 nam áfallin skuldbinding lífeyrissjóðsins \_\_\_\_\_ milljónum króna. Í skýringum með ársreikningi er að finna frekari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 1999 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. maí 2000

**Stjórn**

**Framkvæmdastjóri**

# Áritun endurskoðenda

---

Stjórn og sjóðfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga fyrir árið 1999. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-8, ásamt kennitölum. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum lífeyrissjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og samþykktir. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án annmarka sem máli skipta. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 1999, efnahag hans 31. desember 1999, og breytingu á handbæru fé á árinu 1999, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 23. maí 2000

**Deloitte & Touche hf.**

Guðmundur Frímansson  
löggiltur endurskoðandi

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

	Skýr.	1999	1998
<b>Löggjöld</b>			
Sjóðfélagar .....		140.972.219	17.092.291
Launagreiðendur .....		357.732.344	42.206.003
	<b>Löggjöld</b>	<u>498.704.563</u>	<u>59.298.294</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	2	<u>49.267</u>	<u>0</u>
	<b>Lífeyrir</b>	<u>49.267</u>	<u>0</u>
<b>Fjárfestingatekjur</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur .....	3	40.321.561	156.933
Reiknaðar hækkanir vegna verðlagsbreytinga .....	1	<u>(16.959.521)</u>	<u>(18.888)</u>
	<b>Fjárfestingatekjur</b>	<u>23.362.040</u>	<u>138.045</u>
<b>Fjárfestingagjöld</b>			
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....		817.750	0
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....		<u>19.127.413</u>	<u>3.005.139</u>
Hækkun á hreinni eign fyrir óreglulega liði og matsbreytingu .....		502.072.173	56.431.200
<b>Matsbreytingar</b>			
Endurmatshækkun rekstrarfjármuna .....	7	364.086	(3.242)
Reiknaðar hækkanir vegna verðlagsbreytinga .....	1	<u>16.959.521</u>	<u>18.888</u>
	<b>Matsbreytingar</b>	<u>17.323.607</u>	<u>15.646</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu .....		519.395.780	56.446.846
Hrein eign í upphafi árs .....		<u>56.446.846</u>	<u>0</u>
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris .....</b>		<u><u>575.842.626</u></u>	<u><u>56.446.846</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 1999

	Skýr.	31. 12. 1999	31. 12. 1998
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	5,6	358.940.342	17.084.044
Verðbréf með föstum tekjum .....	4	38.300.600	0
Veðlán .....	4	42.232.196	0
<b>Fjárfestingar</b>		439.473.138	17.084.044
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....	1	51.517.206	31.946.354
Aðrar kröfur .....		38.903.031	1.090.564
<b>Kröfur</b>		90.420.237	33.036.918
<b>Aðrar eignir</b>			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir .....	7	11.118.722	1.488.725
Sjóður og bankainnstæður .....		30.077.482	6.743.890
<b>Aðrar eignir</b>		41.196.204	8.232.615
<b>Eignir</b>		571.089.579	58.353.577
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Aðrar skuldir .....		2.263.721	1.906.731
<b>Skuldir</b>		2.263.721	1.906.731
Hrein eign til greiðslu lífeyris, sameignardeildir.....		568.825.858	56.446.846
Hrein eign til greiðslu lífeyris, séreignardeild.....		7.016.768	0
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....		575.842.626	56.446.846

## Sjóðstreymi ársins 1999

	Skýr.	1999	1998
<b>Inngreiðslur</b>			
Iðgjöld .....		472.944.061	27.351.940
Iðgjöld séreignadeild .....		6.189.650	
Fjárfestingatekjur.....		530.011	72.889
Afborganir verðbréfa.....		402.985	0
		<u>480.066.707</u>	<u>27.424.829</u>
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir.....		49.267	0
Fjárfestingargjöld.....		817.750	0
Rekstarkostnaður án afskrifta.....		18.079.869	1.098.408
Aðrar útgreiðslur.....		37.812.467	2.582.531
		<u>56.759.353</u>	<u>3.680.939</u>
<b>Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....</b>		<u>423.307.354</u>	<u>23.743.890</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....		(321.122.317)	(6.491.750)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....		(26.809.000)	(10.508.250)
Ný veðlán og útlán .....		(41.372.000)	0
Aðrar fjárfestingar .....		(10.670.445)	0
		<u>(399.973.762)</u>	<u>(17.000.000)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		23.333.592	6.743.890
<b>Handbært fé í upphafi árs .....</b>		<u>6.743.890</u>	0
<b>Handbært fé í lok árs .....</b>		<u>30.077.482</u>	<u>6.743.890</u>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga.

Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins og breytingu þeirra á árinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á breytingu á vísitölu neysluverðs innan ársins. Staða peningalegra eigna og skulda í ársbyrjun og árslok er reiknuð til meðalverðlags. Mismunur á þannig umreiknaðri stöðu í ársbyrjun að viðbættri breytingu á árinu annars vegar og stöðunni í árslok hins vegar myndar hækkanir vegna verðlagsbreytinga myndar hækkanir vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 16.959.521 og er sú fjárhæð færð til frádráttar fjárfestingartekjum.

Hinar reiknuðu hækkanir eiga að endurspegla þá raunvirðisrýrnun sem verður á peningalegum eignum og skuldum við verðbólguástandum og mætt er með verðbótum og vöxtum. Færslan á sér því mótvægi í vaxtatekjum og verðbótum. Vísitala ársins hækkaði um 5,61% á árinu.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir með vísitölu neysluverðs frá byrjun reikningsársins til byrjunar næsta árs.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af endurmetnu stofnverði.

Verðtryggðar langtímakröfur eru færðar til eignar með áföllnum verðbótum miðað við vísitölu sem tók gildi 1.1. 2000. Kröfur í erlendum gjaldmiðlum eru eignfærðar á síðasta skráða kaupgengi þeirra á árinu. Óverðtryggðar langtímakröfur eru eignfærðar á nafnverði. Þannig reiknað verðmæti skuldabréfa, sem keypt hafa verið með afföllum, sem hefur verið lækkað um ótekjufærð afföll, en afföllin eru færð til tekna á afborgunartíma bréfanna miðað við virka vexti og ávöxtunarkröfu þegar kaupin áttu sér stað.

Óinnheimt iðgjöld í árslok nema 51,5 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi. Mat þeirra byggist á reynslu liðinna ára og stuðst er við gögn sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningsárs.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## Lífeyrir

2. Lífeyrissjóðurinn greiddi einum aðila lífeyri, eingreiðslu vegna ellilífeyris.

	1999	1998
Ellilífeyrir.....	49.267	0
Samtals.....	49.267	0

# Skýringar

## Fjárfestingatekjur

3. Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur sundurliðast þannig:

	1999	1998
Af sjóðfélagalánum.....	1.964.533	0
Af verðtryggðum innlendum skuldabréfum og hlutdeildarskírteinum.....	9.282.633	0
Af innlendum hlutabréfum.....	10.800	0
Af erlendum verðbréfum og hlutdeildarskírteinum.....	25.620.941	0
Af bankainnstæðum.....	524.821	156.933
Dráttarvextir.....	2.504.113	0
Lántökugjöld.....	413.720	0
Samtals.....	40.321.561	156.933

## Fjárfestingar

4. Innlend skuldabréf með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok og breyting þeirra á árinu greinast þannig:

	Bókfært verð 1.1. 1999	Keypt og áfallnir vextir og verðbætur	Afborganir	Bókfært verð 31.12. 1999
Veðskuldabréf sjóðfélaga.....	0	42.708.379	476.183	42.232.196
Húsbréf.....	0	27.264.500	0	27.264.500
Markaðsbréf banka og sparisjóða.....	10.508.139	527.961	0	11.036.100
Samtals.....	10.508.139	70.500.840	476.183	80.532.796

## Hlutabréf

5. Sjóðurinn á hlutabréf í eftirtöldu félagi:

	Hlutabréf, nafnverð	Bókfært verð 31.12. 1999
Baugur hf.....	24.000	249.600
Samtals.....	24.000	249.600

## Verðbréf og hlutdeildarskírteini

6. Skipting erlendra verðbréfa og innlendra hlutdeildarskírteina er með eftirfarandi hætti:

Hlutdeildarskírteini í hlutabréfasjóðum

Uppspretta SA.....	5.500.000
Einingabréf 6 - erlend hlutabréf.....	6.356.246
Einingabréf 9 - innlend hlutabréf.....	57.871.050
Samtals.....	69.727.296

## Skýringar

Hlutdeildarskírteini í skuldabréfasjóðum:

Kaupthing High Tech.....	23.924.800
Lux - Global Equity Class.....	87.565.846
Lux - Global Technology Class.....	19.130.294
Einingabréf 2 - innlend skuldabréf.....	5.107.672
Einingabréf 7 - innlend skuldabréf.....	40.355.183
Einingabréf 8 - innlend skuldabréf.....	108.053.154
Einingabréf 10 - innlend skuldabréf.....	4.826.497
Samtals.....	<u>288.963.446</u>
Verðbréf og hlutdeildarskírteini.....	<u>358.690.742</u>

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tölvu- og skrifstofubún.	Stofn- kostnaður	Samtals
Stofnverð 1.1.....	1.232.427	256.298	1.488.725
Afskrifað áður .....	0	0	0
Bókfært verð 1/1.....	1.232.427	256.298	1.488.725
Endurmat á árinu.....	351.200	12.886	364.086
Viðbót á árinu.....	10.670.445	0	10.670.445
Afskrifað á árinu .....	(1.351.885)	(52.649)	(1.404.534)
Bókfært verð 31.12. ....	<u>10.902.187</u>	<u>216.535</u>	<u>11.118.722</u>
Afskriftarhlutföll .....	15-20%	20%	

### Meðalfjöldi starfsmanna og starfsmannakostnaður

8. Fjöldi stöðugilda á árinu 1999 var 2,75. Í stjórn sjóðsins eru 6 menn. Heildarfjárhæð launa nam 12,9 milljónum króna, þar af nam heildarfjárhæð launa til stjórnar og framkvæmdastjóra 7,9 mkr. Launatengd gjöld ársins námu 3,5 milljónum.

# Skýringar

---

## Kennitölur

	1999
Raunávöxtun.....	1,00%
Hrein raunávöxtun.....	1,00%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum.....	3,84%
Rekstrarkostnaður í % af eignum.....	3,31%
Rekstrarkostnaður á hvern sjóðfélaga.....	2.052
Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum:	
Kostnaður í % af iðgjöldum.....	3,84%
Kostnaður í % af eignum.....	3,31%
Kostnaður á hvern sjóðfélaga.....	2.052
Fjöldi sjóðfélaga.....	9.320
Fjöldi lífeyrisþega.....	0
Lífeyrir í % af iðgjöldum.....	0,01%
Stöðugildi á árinu.....	2,75
Hlutfallsleg skipting lífeyris:	
Ellilífeyrir.....	100%
Samtals.....	100%